

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Táknafjarðarhrepps nr. 48/2007.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

- a) 5. tölul. 51. gr. verður svohljóðandi: *Félagsmálanefnd*. Er sameiginleg með Vesturbyggð skv. 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndina skipa fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 5. gr. sömu laga. Þar af skipar Vesturbyggð þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Nefndin fer jafnframt með málefni fatlaðs fólks skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og jafnréttismál samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- b) 15. tölul. 51. gr. verður svohljóðandi:  
*Skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og æskulýðslaga nr. 70/2000.
- c) 17. tölul. 51. gr. verður svohljóðandi:  
*Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitastjórnarkosningum skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Héraðslæknir tilnefni lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna. Táknafjarðarhreppur kýs einn fulltrúa og einn til vara.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 27. desember 2010.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*